

Viðskiptaafgangur var 76,5 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2018 – hrein staða við útlönd jákvæð um 368 ma.kr.

Á þriðja ársfjórðungi 2018 var 76,5 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 43,7 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 123,7 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 2,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 6,0 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2018 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.380 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.012 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 368 ma.kr. eða 13,3% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 162 ma.kr. eða 5,9% af VLF í fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 86 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 17 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir lækkuðu um 69 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 79 ma.kr. Skýrist það af 4% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog og rúmlega 4% verðhækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum á ársfjórðungnum.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2017, Q3</u>	<u>2017, Q4</u>	<u>2018, Q1</u>	<u>2018, Q2</u>	<u>2018, Q3</u>
Viðskiptajöfnuður	65,0	3,8	4,3	-4,1	76,5
Vöruskiptajöfnuður	-46,5	-37,9	-27,2	-48,9	-43,7
Þjónustujöfnuður	115,9	51,9	35,8	50,4	123,7
Jöfnuður frumþáttatekna	0,2	-4,6	0,8	-1,0	2,4
Rekstrarframlög, nettó	-4,6	-5,7	-5,1	-4,6	-6,0
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,5	-0,4	-0,4	-0,3
Fjármagnsjöfnuður	75,8	-10,2	54,4	-18,3	86,0
Bein fjárfesting	-24,6	-10,9	27,3	-23,6	43,5
Verðbréf	47,4	22,2	-25,4	1,5	22,6
Afleiður	3,9	-0,4	1,8	0,7	0,0
Önnur fjárfesting	27,3	-22,4	75,4	-1,3	19,5
Gjaldeyrisforði	21,8	1,3	-24,8	4,3	0,4
Skekkjur og vantalið, nettó	11,0	-13,4	50,6	-13,8	9,9

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2018/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2018/3
Erlendar eignir, alls	3.212	17	162	-10	3.380
Bein fjárfesting	692	7	27	-6	720
Verðbréf	1.228	14	90	2	1.333
Afleiður*	10	0	0	0	11
Önnur fjárfesting	600	-4	23	-6	613
Gjaldeyrisforði	682	0	21	0	703
Erlendar skuldir, alls	3.005	-69	82	-7	3.012
Bein fjárfesting	1.133	-36	31	-6	1.121
Verðbréf	1.210	-9	39	-4	1.236
Afleiður*	10	0	-3	0	7
Önnur fjárfesting	653	-24	16	4	648
Hrein staða þjóðarbúsins	206	86	79	-3	368
% af VLF	7,5%	3,1%	2,9%	-0,1%	13,3%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.